



LEIÐBEININGAREGLUR UM RAFRÆNAR KOSNINGAR GARÐABÆR 2019

ONE 1810028
GARÐABÆR
18.03.2019

1. Almennt um kosningar

Rafrænar kosningar eru unnar í samstarfi þvert á svið bæjarins. Kerfið er þróað af Íbúum ses en Advania veitir ráðgjöf og rýni varðandi öryggisþætti og ferla. Kosningarnar eru ekki lögbundnar.

Íbúar Garðabæjar geta kosið milli ákveðins fjölda verkefna sem verður stillt upp á rafrænum kjörseðli. Fjöldi verkefna á kjörseðli verður valinn af matshópi verkefnisins eins og fram kemur í verkefnalýsingu verkefnisins Betri Garðabæjar.

Horft verður til þess að þær hugmyndir sem fara á kjörseðil verði dreift landfræðilega jafnt um sveitarfélagið. Fjöldi hugmynda sem fer á kjörseðilinn verður ákveðinn að lokinni hugmyndasöfnun þegar í ljós kemur hversu margar hugmyndir berast í heild en gera má ráð fyrir að fjöldi hugmynda sem fer í kosningu verði eingöngu hluti þeirra eða um það bil 30 hugmyndir í heild sinni.

Um er að ræða verkefni sem skilgreind eru sem smærri nýframkvæmdir. Gerð er grein fyrir kostnaði við hvert verkefni. Kjósendur geta valið saman þann fjölda verkefna sem þeir vilja. Þar til fjárheimildin dugar ekki lengur fyrir neinu af þeim verkefnum sem ekki hafa verið valin. Ekki er nauðsynlegt að klára fjárheimildina til þess að geta skilað inn atkvæði og þannig geta kjósendur valið fjölda þeirra verkefna sem þau greiða atkvæði sitt.

Kosningarnar fela í sér endanlega ákvörðun um val þessara verkefna í Garðabæ og verða framkvæmd á árunum 2019 og 2020.

2. Tímasetning kosninganna

Rafrænar kosningar í Garðabæ hefjast kl. 00:00 fimmtudaginn 23. maí 2019 og eru opnar til kl. 23:59:59 þann 3. júní.

3. Kjörskrá og kosningaréttur

Rétt til þátttöku í kosningunum hafa íbúar sem á árinu eru 15 ára eða eldri og sem skráðir eru í Þjóðskrá með lögheimili í Garðabæ á þeim dögum sem kosningin stendur yfir. Sannreynt er hvort kjósandi er með lögheimili í Garðabæ og á réttum aldri samkvæmt skráningu í Þjóðskrá þegar atkvæði er greitt. Inni á Mínun síðum á Ísland.is getur kjósandi skoðað hvernig hann er skráður í Þjóðskrá. Hægt er að auðkenna sig inn á Mínar síður á Ísland.is með kennitölu og Íslykli eða rafrænum skilríkjum á snjallkorti eða í síma. Einnig er hægt að skoða Þjóðskrárupplýsingar í heimabanka.

4. Kosning

Kosið er á vefslóðinni kosning2019.gardaber.is. Kjósandinn getur kosið í tölvu eða snjalltæki.

Sérhver kjósandi getur kosið eins oft og hann vill, en aðeins síðasta atkvæði er talið sem gilt atkvæði. Þannig getur kjósandi kosið aftur vilji hann breyta atkvæði sínu eða ef viðkomandi telur að einhver hafi séð hvað viðkomandi kaus.

Áður en atkvæði viðkomandi kjósanda er flutt í rafrænan kjörkassa, er skilið á milli auðkenningar og atkvæðis með dulkóðun þannig að tryggt er að ekki sé hægt að rekja samband kjósanda og atkvæðis.

Hægt verður að kjósa og fá aðstoð við að greiða atkvæði eða við öflun Íslykils á opnunartíma þjónustuvers Garðabæjar og Bókasafni Garðabæjar á meðan kosningar standa yfir. Starfsmenn Garðabæjar eru bundnir trúnaði.

- Kjósandi gefur sig fram við starfsmann og gerir grein fyrir sér með framvísun skilríkja.

- Starfsmaður útvegar kjósanda aðgang að tölvu og aðstoðar kjósanda við öflun Íslykils með því að leiðbeina honum skref fyrir skref.
- Starfsmaður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu með því að leiðbeina honum skref fyrir skref.

5. Leiðbeiningar um kjörseðil og atkvæðagreiðslu

A. Kjörseðillinn

Kjörseðillinn inniheldur lista með þeim verkefnum sem matshópur leggur til og bæjarráð staðfestir. Sjá má fjárheimild efst á kjörseðlinum og kjósandinn getur valið í hvaða verkefni fjárheimildinni skuli ráðstafað. Kjósandur geta valið verkefni þar til fleiri verkefni rúmast ekki innan fjárheimildarinnar. Ekki er nauðsynlegt að fullnýta fjárheimildina.

Kjósandi kys með því að ýta á hnappinn „Kjósa“. Kjósandi getur kosið jafnvel þótt hann hafi ekki nýtt alla fjárheimildina. Atkvæðið verður gilt eftir sem áður.

Hverju verkefni fylgir mynd og valmöguleikar um að sjá frekari lýsingu á verkefni og staðsetningu. Valmöguleikar eru með appelsínugulum lit og eru staðsettir ofan á mynd sem fylgir verkefninu. Merkið vinstra megin á myndinni í hugmyndareitnum gefur tækifæri til að deila hugmyndinni á samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter.

Fellistika birtist þegar smellt er á íkon hægra megin og þar birtast íkonar sem hægt er að smella á til að nálgast nánari upplýsingar um verkefnið. Efsti íkoninn með fjöllum táknar mynd af hugmyndinni, íkon númer tvö í fellistikunni táknar nánari upplýsingar um verkefnið. Íkon númer þrjú táknar staðsetningu á korti og síðasti íkoninn vísar á upprunalegu hugmyndina á hugmyndavefnum.

B. Staðsetning verkefna

Ofarlega til hægri á kjörseðlinum er að finna hnapp sem á stendur „Kort“, en með því að smella á þann hnapp er hægt að sjá hvernig verkefnin dreifast um sveitarfélagið. Hægt er að velja verkefni með því að smella á staðsetningarpunkt á korti.

C. Nánari upplýsingar um verkefnin

Ef kjósandi vill fá nánari upplýsingar um verkefnin getur hann smellt á appelsínugula blaðsíðumerkið sem er undir valmöguleikanum um að sjá frekari lýsingu á verkefninu hægramegin uppi í hugmyndareitnum. Þá birtist texti þar sem mynd var áður, til þess að fara aftur í mynd er valið appelsínugula myndatáknið til vinstri í hugmyndareitnum.

D. Verkefni valin

Í hægra horni hvers hugmyndareits á kjörseðli er að finna hnapp með plúsmerki, til þess að greiða hugmynd atkvæði þarf að smella á þann hnapp og við það raðast hugmyndir í pottinn/stikuna sem birtist efst á síðunni.

E. Gefa einni hugmynd tvöfalt vægi

Kjósandi getur gefið einu verkefni af þeim sem hann kys tvöfalt vægi með því að ýta á hjartað sem birtist vinstra megin þegar hugmynd hefur verið valin. Þegar atkvæði eru talin þá bætist eitt auka atkvæði við hjarta merкта verkefnið.

F. Fjárheimild

Hægt er að kjósa verkefni þar til fjárheimild er fullnýtt en það er ekki nauðsynlegt að klára fjárheimild til þess að atkvæðið teljist gilt.

Tölurnar fyrir ofan hugmyndapott efst á síðunni sýna hversu hárrí upphæð kjósandi hefur ráðstafað og hversu mikið hann á eftir. Kjósandi getur haldið áfram að velja verkefni þar til heildarupphæðinni er

náð eða þar til ekki er til nægur peningur fyrir neinu af þeim verkefnum sem eftir eru. Verkefni sem kjósandi hefur ekki lengur efni á fá gráan lit. Ekki er hægt að velja þau lengur.

Ekkert lágmark er á fjölda hugmynda sem hægt er að kjósa, þannig getur kjósandi greitt aðeins einu verkefni atkvæði sitt ef hann kys að gera það.

G. Verkefni fjarlægð og ný valin

Til að hætta við val er smellt á mínusinn sem birtist eftir að hugmyndin hefur verið valin á viðkomandi verkefni eða smellt á myndina af hugmyndinni sem birtist í pottinum efst á síðunni. Við það dettur hún úr pottinum.

Þá er aftur hægt að velja þau verkefni sem á ný rúmast innan fjárheimildarinnar (hnappurinn er ekki lengur grár og fær sinn upphaflega lit). Á þennan hátt getur kjósandi valið og fjarlægt verkefni – allt þangað til hann ákveður að kjósa.

H. Kjósandi getur ekki nýtt alla fjárheimildina – er atkvæðið gilt?

Kjósandi hefur val um hvort hann nýtir alla fjárheimildina eða ekki. Kjósandi getur staðið frammi fyrir því að geta ekki fullnýtt fjárheimildina, t.d. þegar verkefnin sem ekki hafa verið valin kosta hvert um sig meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem eftir er. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þessu. Hægt er að kjósa þrátt fyrir að fjárheimild sé ekki fullnýtt og atkvæðið er gilt.

I. Ýtt á hnappinn „Kjósa“ – auðkenning þörf

Þegar kjósandi hefur lokið við að velja verkefni smellir hann á hnappinn „Kjósa“. Þá birtist innskráningargluggi frá Ísland.is og kjósandi auðkennir sig. Að auðkenningu lokinni er kannað hvort kjósandinn sé á kjörskrá, ef svo er atkvæðið flutt í rafrænan kjörkassa.

J. Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill – aðeins nýjasta atkvæðið gildir

Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill meðan kosningin er opin, en hafa ber í huga að það er aðeins síðasta atkvæðið sem gildir.

6. Auðkenning kjósenda og kosningaréttur

Kjósandi auðkennir sig með öruggum hætti með innskráningarpjónustu Ísland.is. Kannað er hvort kjósandi er búsettur í Garðabæ og á réttum aldri samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár þegar atkvæðið er greitt. Í kosningakerfinu er hvert atkvæði síðan dulkóðað. Ekki er hægt að rekja atkvæðið aftur til kjósenda.

Þegar kjósandi hefur valið verkefni og smellt á hnappinn „Kjósa“ opnast nýr gluggi með auðkenningarpjónustu Ísland.is vegna kosninganna. Hér getur hann valið um þrjá möguleika til innskráningar: rafræn skilríki í síma, rafræn skilríki á snjallkorti eða Íslykil:

- Rafræn skilríki með síma

Kjósandinn slær inn símanúmerið þitt og smellir á hnappinn síðan er spurt um PIN kóða á síma, gætt skal að því að síminn sé ekki læstur á meðan á innskráningu stendur.

- Rafræn skilríki á snjallkorti

Kjósandi setur snjallkort með rafrænum skilríkjum í tengdan kortalesara og smellir á hnappinn „Les“ skilríki og slær inn PIN kóða (ekki þann sem er notaður í hraðbönkum).

- Íslykill

Kjósandi slær inn kennitölu sína og Íslykil og smellir á hnappinn „Staðfesta“. Sjá nánar um Íslykil síðar.

7. Nánar um rafræn skilríki og Íslykla

Rafræn skilríki

Þeir kjósendur sem hafa virkjað fullgild rafræn skilríki frá Auðkenni í farsíma geta nýtt sér þau við kosningarnar. Skilríkin virka á gömlum sem nýjum sínum, óháð stýrikerfum. Enginn kortalesari, enginn hugbúnaður, engin öpp. Bara að hafa símann við höndina, þar er það eina sem þarf.

Þeir kjósendur sem fengið hafa snjallkort með rafrænum skilríkjum geta nýtt þau við kosningarnar.

Íslykill

Hér má panta Íslykil: <https://innskraning.island.is/?panta=1>

- Sending í íslenskan heimabanka (einfaldast ef kjósandi er með heimabanka á Íslandi, tekur um 5-10 mínútur).
- Sending á lögheimili á Íslandi (4-6 virka daga).
- Afhending í afgreiðslu Þjóðskrár Íslands, Borgartúni 21 gegn framvísun vegabréfs eða ökuskrteinis.

Við fyrstu innskráningu með nýjum Íslykli er eigandi lykilsins beðinn að breyta honum og velja sér Íslykil til framtíðar.

Þurfi kjósandi á aðstoð að halda við öflun auðkennis, innskráningu eða atkvæðagreiðslu mun þjónustuver Garðabæjar liðsinna í síma 525 8500 á afgreiðslutíma þjónustuvers.

Kjósendi getur einnig óskað aðstoðar starfsmanna Bókasafns Garðabæjar við innskráningu og atkvæðagreiðslu. Reglur um þessa aðstoð má finna í kaflanum *Aðstoð við atkvæðagreiðslu*.

8. Talning atkvæða

Talningu atkvæða er háttað sem hér segir:

1. Fulltrúar Kjörstjórnar beita afkóðunarlykli sínum til að afkóða atkvæði kjósenda til að talning getir hafist.
2. Öll atkvæðin eru talin og verkefnum raðað eftir fjölda atkvæða. Þau atkvæði sem kjósandi velur með hjarta eru talin tvöfalt.
3. Það verkefni sem flest atkvæði hefur hlotið er stillt upp og kostnaðurinn við verkefnið dreginn frá heildarfjárheimildinni.
4. Það verkefni sem næstflest atkvæði hefur hlotið er tekið og borið saman við það sem eftir er af fjárheimildinni. Ef verkefnið rúmast innan fjárheimildarinnar er það sett á lista valinna verkefna. Ef það rúmast ekki innan heimildarinnar er því sleppt og þriðja atkvæðamesta verkefnið skoðað.
5. Svona gengur þetta koll af kolli, þar til fjárheimildin hefur öll verið notuð eða hún orðin of lítil fyrir nokkurt þeirra verkefna sem eftir eru.
6. Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta jafnmikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.
7. Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta mismikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.

8. Fjármagni ekki úthlutað

Gert er ráð fyrir 100 milljónum króna til tveggja ára til verkefnisins. Upp getur komið sú staða að fjármagn nýtist ekki til fulls vegna uppröðunar verkefna. Ef eftir stendur fjármagn sem ekki nýtist í verkefninu minnkar fjármagn til verkefnisins sem um það munar.

9. Birting niðurstaða

Kjörstjórn birtir niðurstöður kosninganna sama dag og talningu er lokið.

10. Upplýsingar og fyrirspurnir

Upplýsingar og leiðbeiningar um kosningarnar eru aðgengilegar á kosningavefnum meðan á kosningu stendur. Einnig er hægt að senda inn fyrirspurnir og ábendingar á netfangið gardabaer@gardabaer.is. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um kosningarnar í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7 eða í síma 525 8500.

11. Kjörstjórn

Kjörstjórn Garðabæjar er skipuð þremur fulltrúum. Hlutverk kjörstjórnar er að staðfesta að atkvæðaseðill sé í samræmi við ákvörðun á val á verkefnum, útnefni reglustjóra vegna geymslu á afkóðunarlykli, úrskurðar um vafaatriði auk þess að birta niðurstöðu kosninganna.

Kjörstjórn skipa:

Þóra Margrét Hjaltested, formaður
Jóhann Steinar Ingimundarson
Snævar Sigurðsson

Fyrirspurnir og ábendingar varðandi framkvæmd atkvæðagreiðslunnar skulu berast á netfangið kjorstjorn@gardabaer.is

12. Eftirlit með framkvæmd kosninganna

Sérfræðingar í framkvæmd rafrænna kosninga úr hugbúnaðardeild Advania munu sjá um úttekt á kóða kosningakerfisins fyrir og við framkvæmd kosninganna. Sérfræðingarnir munu einnig hafa eftirlit með tengingu við kjörskrá og hvernig rafrænni auðkenningu kjósenda er háttað. Eftir talningu atkvæða munu sérfræðingarnir stemma af að öll atkvæði í kosningunni komi frá kjósendum sem voru auðkenndir í kjördeildarkerfi kosningarinnar. Sérfræðingarnir munu einnig veita almenna ráðgjöf varðandi ferla, framkvæmd kosninganna og tilkynna kjörstjórn um frávík. Sérfræðingarnir Advania eru þeir Sigurður Másson og Grétar Þór Grétarsson.

Starfsmaður Garðabæjar, eftirlitsaðili, hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar.

Sá sem vill gera athugasemd við framkvæmd kosninganna skal koma athugasemd á framfæri við kjörstjórn innan sjö daga frá því að niðurstöður kosninganna voru birtar.